

Alþingi
Erindi Alþingi 130/1873
komudagur 16.4.2004

Landssamband sendibifreiðastjóra
Lágmúla 7
108 Reykjavík
s. 553 5290, fax 568 7455
tölvupóstur: traustfel@simnet.is

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 R.

14. apríl 2004

Efni: Umsögn Landssambands sendibifreiðastjóra við frumvarpi til laga um olúgjald og kílómetragjald.

Landssamband sendibifreiðastjóra óskar eftir fundi með efnahags- og viðskiptanefnd vegna hins nýja frumvarps um olúgjald.

Landssamband sendibifreiðastjóra er hlynnt því að frumvarp um olúgjald nái fram að ganga að því tilskyldu að mælagjald komi á bíla yfir 12 tonn í stað 10 tonna eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er í samræmi við skráningarkerfi Skráningarstofu sem skiptir vörubifreiðum upp í tvo flokka eftir stærð. Vörubifreiðir 1 eru frá 3,5 tonnum til 12 tonn að þyngd og vörubifreiðir 2 eru yfir 12 tonn að þyngd. Segja má að þessi flokkun sé nokkuð stöðluð þar sem vörubifreiðir 1 þurfa m.a. að nota sérstök hraðatakörkunartæki. Það er mun einfaldara til lengri tíma litið að hafa þessi mörk milli flokka skýr, m.a. hvað varðar sérstakt kílómetragjald. Samkvæmt skráningarstofu eru tiltölulega fáar bifreiðir í þyngdarflokknum 10-12 tonn svo það er eftir litlu að slægjast fyrir ríkissjóð. Það er mjög slæmt fyrir samkeppnisstöðu sendibifreiðastjóra að skipta stéttinni upp í tvo hópa. Landssamband sendibifreiðastjóra hefur fyrr bent Efnahags- og viðskiptanefnd á hagræði þess að breyta stærðarmörkum í frumvarpi um olúgjald. Ef ekki verður við þessari ósk fer félagið vinsamlegast, fram á rök fyrir því.

Það er ljóst að olúgjaldið mun hafa verulega hækkun í för með sér fyrir litlar sendibifreiðar, sem hafa verið á fastagjaldi þungaskatts. Aðrar bifreiðar í sendibifreiðaflotanum munu væntanlega greiða svipað gjald og í núverandi kerfi.

f.h. Landssambands sendibifreiðastjóra

Baldvin Sigurpálsson formaður.